



Akureyrarbær
Búsetusvið

Ársskýrsla 2019

Búsetusvið Akureyrarbæjar



Listaverk eftir Karl Guðmundsson

Maí 2020

Efnisyfirlit

1	Um búsetusvið	2
1.1	Hlutverk	2
1.2	Starfsfólk.....	3
1.3	Hugmyndafræði	4
1.3.1	Þjónandi leiðsögn	4
1.3.2	Valdefling	4
1.3.3	Skaðaminnkandi nálgun	4
1.4	Skipurit búsetusviðs desember 2019.....	5
1.5	Rekstrarniðurstaða Búsetusviðs 2018 og 2019	6
2	Starfsemin 2019	7
2.1	Félagsleg heimaþjónusta	7
2.1.1	Almenn heimaþjónusta	8
2.1.2	Ráðgjöf iðjuþjálfar	12
2.1.3	Ráðgjöfin heim	13
2.1.4	Vettvangsteymi	14
2.1.5	Heimsendur matur	15
2.2	Félagsleg liðveisla.....	17
2.2.1	Búa hópur	18
2.2.2	Sundþjálfun.....	18
2.2.3	Fótbolt án fordóma – F.F. Múrbrjótar	18
2.3	Áfangaheimili fyrir fólk með geðröskun	20
2.4	Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk	21
2.4.1	Þjónustukjarnar og sambýli	21
2.4.2	Sértæk heimaþjónusta	23
2.4.3	Umsóknir um búsetuþjónustu	25
2.5	Skammtímaþjónusta og dagvistunarúrræði.....	26
2.5.1	Skammtímaþjónusta og frístundaþjónusta.....	26
2.5.2	Lífsleikni.....	28
2.5.3	Sumarúrræði fyrir fullorðna.....	28
2.5.4	Kappar sumarúrræði fyrir börn.....	28
2.6	Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)	29
2.7	SIS mat.....	30
2.8	Ný þjónusta	32
2.8.1	Úrræði fyrir börn	32
2.8.2	Laut athvarf fyrir geðfatlað fólk	33
2.8.3	Endurhæfing í heimahúsi.....	33
2.8.4	Samráð við hagsmunasamtök notenda	34

1 Um búsetusvið

1.1 Hlutverk

Búsetusvið Akureyrarbæjar veitir margvíslega þjónustu sem miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks með skerta færni sem kann að fylgja hækkandi aldri, fötlun eða veikindum og/eða skapa því aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi. Auk þess að þjónusta íbúa Akureyrar, sinnir sviðið þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt þjónustusamningum þar að lútandi. Réttur fólks til að fá þjónustu byggir annars vegar á þeim lögum sem skylda sveitarfélög til að veita þjónustuna og hins vegar á greiningu á þörf í hverju tilviki fyrir sig. Starfsfólk búsetuþjónustunnar skoðar hverja umsókn, metur þörfina í samráði við umsækjanda og finnur leiðir til úrlausnar. Þjónusta sem búsetusvið veitti á árinu 2019:

- Félagsleg heimaþjónusta (almenn heimaþjónusta og sértæk heimaþjónusta/stoðþjónusta)
- Heimsendur matur
- Félagsleg liðveisla
- Búseta með þjónustu (þjónustukjarnar, sambýli, áfangaheimili, heimili fyrir börn)
- Skammtímvistun fyrir fatlað fólk
- Skólavistun fatlaðra barna 10 – 20 ára
- Ráðgjöf iðjuþjálfra
- Notendastýrð persónuleg aðstoð

Tafla 1 – Helstu magntölur í þjónustu deildarinnar og samanburður við fyrri ár

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Einstaklingar með heimaþjónustu	785	804	803	800	848	912	855	912	938	921
Heimili sem fengu heimaþjónustu	575	562	584	585	610	620	616	658	712	688
Einstaklingar með heimsendan mat	148	161	134	92	98	146	130	118	133	108
Einstaklingar með félagslega liðveislu	107	114	125	127	127	120	110	123	132	118
- einstaklingar með > 10 klst. á viku	15	15	18	22	24	27	28	30	30	32
- einstaklingar með > 15 klst. á viku	-	-	-	-	-	-	-	17	18	27
Einstaklingar með búsetuþjónustu	86	83	86	95	98	108	107	108	111	105
- í þjónustukjörnum og sambýlum	49	49	52	54	55	57	55	55	55	55
- í þjónustukjörnum fyrir geðfatlaða	11	11	10	11	11	11	11	11	11	13
- á áfangaheimili	5	5	6	5	6	6	6	6	8	3
- börn í búsetuþjónustu	2	2	0	1	2	1	1	1	2	2
- í sjálfstæðri búsetu	15	15	18	22	24	33	34	35	35	32
Fjöldi notenda skammtímvistunar	20	21	21	20	19	21	20	19	19	19
Einstaklingar í dagþjónustu aldraðra**	59	57	50	64	-	-	-	-	-	
Beiðnir um ráðgjöf iðjuþjálfra	130	153	149	138	134	153	185	281	281	370
Einst. með heilsueflandi heimsóknir***	382	526	542	566	556	-	-	-	-	

** Þjónustan fluttist til Öldrunarheimila Akureyrar 1. sept. 2014.

*** Þjónustan færðist 1. júní 2015 til Heilbrigðisstofnunar Norðurlands.


1.2 Starfsfólk

Búsetusvið hefur á að skipa öflugu starfsfólki með reynslu, þekkingu og áhuga á að veita þjónustu sem löguð er að mismunandi þörfum fólks fyrir stuðning. Alls voru 356 starfsmenn í 224,6 stöðugildum. Um er að ræða 260 starfsmenn í föstu starfshlutfalli og 96 í tímavinnu, þar af 65 í félagslegri liðveislu og 34 á öðrum kostnaðarstöðvum.

Í árslok voru fastráðnir starfsmenn sviðsins 260 talsins í 224,64 stöðugildum. Af starfsmönnum sem voru í starfsþróun voru 93 karlar í 88,1 stöðugildum og 167 konur í 136,6 stöðugildum. Karlar voru því í 39% stöðugilda og konur voru 61% stöðugilda. Hlutfall karla hefur aukist á síðastliðnum árum frá 34% árið 2014 í 39% árið 2019. Fjölgun stöðugilda á árinu er vegna nýrrar starfsemi að Sporatúni sem skýrir 7,6 stg. aukningu og einnig tók Akureyrarbær við rekstri Lautar athvarfs fyrir fólk með geðraskanir sem skýrir 5,5 stg. aukning miðað við árið á undan.

Tafla 2 – Fjöldi stöðugilda eftir þjónustubáttum

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Félagsleg heimaþjónusta	38,8	45,3	46,5	43,8	44,0	46,0	48,4	49,3	52,0	54,4
Búsetuþjónusta	95,0	102,2	105,7	108,2	117,9	124,9	128,2	136,5	139,8	141,0
Skammtímaþjónusta, skólavistun	6,6	9,6	11,3	11,8	10,9	9,9	10,1	12,0	17,3	23,4
Skrifstofa	4,7	4,7	4,8	5,4	4,9	5,1	3,8	4,0	4,0	5,8
Stöðugildi alls	145,1	157,4	161,8	168,3	169,2	177,7	185,9	201,8	213,1	224,6



Mynd 1 – Hlutfall kynjaskiptingar stöðugilda fastráðinna starfsmanna hjá búsetusviði

Búsetusvið hefur þá stefnu að auka þekkingu allra starfsmanna jafnframt því að auka fagmennun innan sviðsins. Í lok árs voru fagmenntaðir starfsmenn í 54,2 stöðugildum sem eru 24,1% af heildarstöðugildum.

1.3 Hugmyndafræði

Búsetusvið hefur þrýpætta hugmyndafræði sem myndar þann ramma sem unnið er innan, ásamt bestu þekkingu á hverjum tíma. Hugmyndafræðarnar miðast allar að því að nálgast þjónustupegann þar sem hann er staddur og á hans forsendum. Þetta eru hugmyndafræði um Valdeflingu (Empowerment), Þjónandi leiðsögn (Gentle Teaching) og Skaðaminnkandi nálgun (Harm Reduction). Síðastnefnda hugmyndafræðin, Skaðaminnkandi nálgun, nær til þrengri hóps en hinar þar sem hún leiðbeinir um nálgun í þjónustu við fólk sem sýnir áhættu hegðun eins og ofdrykkju, eiturfjaneyslu og sjálfskaða eða aðra hegðun af líkum toga. Sérteymi í sértækri heimaþjónustu hafa unnið eftir hugmyndafræði um sjálfstætt líf.

1.3.1 Þjónandi leiðsögn

Hugmyndafræðin „Þjónandi leiðsögn“ á sér langa sögu innan ákveðinna þjónustueininga búsetusviðs en árið 2014 var ákveðið að innleiða Þjónandi leiðsögn í allri þjónustu sviðsins. Þetta er hugmynda- og aðferðafræði sem byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem samskipti á milli starfsfólks og notenda eru þungamiðjan. Traust, vinátta, umhyggja, tengsl og hvatning eru grundvallaratriði í samskiptum en hefðbundin atferlismótun þ.e. skilyrt umbun og refsing samræmist ekki þeim gildum sem unnið er eftir. Skipulag og lausnir byggðar á mannlegum gildum og kærleika eru notaðar til að aðstoða einstaklinginn til þess að fá dýpri skilning á daglegum viðfangsefnum og athöfnum. Innleiðingaferlið hófst árið 2014 og lauk formlega á árinu. Í lok árs höfðu allir starfsmenn Búsetusviðs farið á námskeið í Þjónandi leiðsögn. Einnig var áfram unnið að styrkingu leiðtoga (mentora) í Þjónandi leiðsögn. Þjálfun leiðtoganna hófst árið 2014 og miðaðist við að dýpka skilning þeirra á hugmyndafræðinni, fylgja því eftir að innleiðingarferlið skili sér til notenda og veita ráðgjöf og stuðning til starfsmanna.


1.3.2 Valdefling

Hugmyndafræði Valdeflingar snýst um að efla getu einstaklingsins til að lifa sjálfstæðu lífi, taka sjálfstæðar ákvarðanir og þekkja og nýta réttindi sín. Áhersla er lögð á að notendur séu virkir þátttakendur í eigin lífi og þekking þeirra, reynsla og nærvera sé nýtt sem auðlind inn í þá þjónustu sem verið er að veita. Unnið hefur verið að innleiðingu Valdeflingar samhliða innleiðingu Þjónandi leiðsagnar frá árinu 2014.

1.3.3 Skaðaminnkandi nálgun

Skaðaminnkandi nálgun beinist að því að draga úr eða lágmarka heilsufarslegan, félagslegan og fjárhagslegan skaða sem vímuefnaneysla veldur einstaklingum og samfélögum. Í skaðaminnkandi nálgun er sjónum beint að afleiðingum og áhrifum fiknihegðunar en ekki á notkunina sem slíka.

1.4 Skipurit búsetusviðs desember 2019



1.5 Rekstrarniðurstaða Búsetusviðs 2018 og 2019

Tafla 3 – Rekstrarniðurstaða Búsetusviðs

Starfsstöð/tegund	2018	2019	Mismunur
<i>Tekjur</i>	-36.502	-36.586	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	47.917	66.430	
<i>Annar kostnaður</i>	23.212	21.544	
Skrifstofa búsetusviðs	34.627	51.388	48%
<i>Tekjur</i>	-5.763	-4.609	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	50.928	58.680	
<i>Annar kostnaður</i>	5.069	6.346	
Félagsleg liðveisla fatlaðra	50.234	60.417	20%
<i>Þjónustukaup</i>	46.846	48.204	
Skólavistun fyrir fatlaða	46.846	48.204	3%
<i>Tekjur</i>	-15.550	-20.568	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>		9.089	
<i>Annar kostnaður</i>	25.132	19.457	
Laut, athvarf f. geðfatlaða	9.582	7.978	-17%
<i>Tekjur</i>	-45.403	-38.795	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	209.305	219.715	
<i>Annar kostnaður</i>	55.976	60.916	
Heimaþjónusta A	219.878	241.836	10%
<i>Tekjur</i>	-118.543	-131.243	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	207.243	233.078	
<i>Annar kostnaður</i>	7.017	8.664	
Heimaþjónusta B	95.717	110.499	15%
<i>Tekjur</i>	-33.746	-29.770	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	73.581	86.225	
<i>Annar kostnaður</i>	2.860	3.643	
Heimaþjónusta Stoð	42.695	60.098	41%
<i>Þjónustukaup</i>	267.534	287.425	
Sameiginlegur kostnaður	267.534	287.425	7%
<i>Tekjur</i>	-1.578	-700	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	220.739	242.966	
<i>Annar kostnaður</i>	3.331	4.748	
Búsetuþjónusta Geislatúni og Hafnarstræti	222.492	247.014	11%
<i>Tekjur</i>	-982		
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	237.636	255.807	
<i>Annar kostnaður</i>	25.331	23.884	
Íbúðakjarni Borgargili og Klettatúni	261.985	279.691	7%

Tölur eru í þúsundum króna

Starfsstöð/tegund	2018	2019	Mismunur
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	47.180	52.456	
<i>Annar kostnaður</i>	237	346	
Búsetuþjónusta við Kjarnagötu	47.417	52.802	11%
<i>Tekjur</i>	-1.923		
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	226.541	232.842	
<i>Annar kostnaður</i>	3.240	6.525	
Búsetuþjónusta, Snægili og Kjalarsíðu	227.858	239.367	5%
<i>Tekjur</i>	-819	-1.062	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	263.167	264.656	
<i>Annar kostnaður</i>	5.643	7.143	
Búsetuþjónusta, Þrastarlundi og Jörvabyggð	267.991	270.737	1%
<i>Tekjur</i>	-171.737	-231.267	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	272.989	293.420	
<i>Annar kostnaður</i>	16.166	25.026	
Íbúðakjarni Hafnarstræti	117.418	87.179	-26%
<i>Tekjur</i>	-54.156	-56.565	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	157.521	190.607	
<i>Annar kostnaður</i>	33.321	34.067	
Skammtímaþjónusta	136.686	168.109	23%
<i>Tekjur</i>	-268		
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	194.700	204.963	
<i>Annar kostnaður</i>	13.907	11.400	
Búsetuþjónusta við geðfatlaða	208.339	216.363	4%
<i>Þjónustukaup</i>	7.452	6.890	
Húsnæðiskostnaður Búsetusviðs	7.452	6.890	-8%
<i>Tekjur</i>	-5.491	-8.695	
<i>Annar kostnaður</i>	73.397	151.743	
NPA Notendastýrð persónuleg aðstoð	67.906	143.048	111%
<i>Tekjur</i>			
<i>Laun og launatengd gjöld</i>		890	
<i>Annar kostnaður</i>		1.318	
Tómstundarárræði Skógarlundi	0	2.208	
<i>Tekjur</i>		-1.588	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>		48.841	
<i>Annar kostnaður</i>		14.208	
Sérstök úrræði fyrir fatlað fólk	0	61.461	
Heildarkostnaður búsetusviðs	2.332.657	2.643.713	13%

2 Starfsemin 2019

2.1 Félagsleg heimaþjónusta

Félagsleg heimaþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald, persónulega umhirðu eða aðrar nauðsynlegar athafnir daglegs lífs vegna skertrar getu, fjölskylduáðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar, fötlunar eða af öðrum gildum ástæðum.


Félagsleg heimaþjónusta tekur til eftirfarandi þátta:

- Aðstoðar við eigin umsjá.
- Aðstoðar við almennt heimilishald.
- Félagslegs stuðnings.
- Aðstoðar við umsjá veikra eða fatlaðra barna.
- Heimsendingu matar.
- Ráðgjafar iðjuþjálfar.

Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að efla notandann til sjálfsbjargar og sjálfræðis og gera honum kleift að búa sem lengst á eigin heimili við sem eðlilegastar aðstæður. Starfsmaður búsetusviðs metur þjónustuþörf og niðurstöður þjónustumats eru lagðar fyrir fund matshóps sem skipaður er af sviðstjóra búsetusviðs Akureyrarbæjar.

Félagsleg heimaþjónusta hefur aukist jafnt og þétt í takt við þá stefnu að fólk geti búið sem lengst heima, þrátt fyrir flókin heilsufarsvandamál. Heimaþjónusta er veitt allan sólarhringinn, alla daga ársins, en næturvaktin er samstarfsverkefni heimaþjónustu og heimahjúkrunar sem sér um framkvæmd þjónustunnar. Þjónustan skiptist í tvo hluta; almenna heimaþjónustu og sértæka heimaþjónustu.

Almenn heimaþjónusta er sú þjónusta sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og sinnir þeim sem þurfa allt að 15 klst. aðstoð á viku. Meirihluti þjónustuþega almennrar heimaþjónustu eru eldri borgarar. Starfsstöðvar heimaþjónustunnar eru nokkrar, en þær stærstu eru í Bugðusíðu 1 og Víðilundi 1 og eru þær báðar í sama húsnæði og félagsstarfsemi eldri borgara.



Mynd 2 – Hlutfall 65 ára og eldri sen fengu félagslega heimaþjónustu




Mynd 3 – 80 ára og eldri á Akureyri, alls 708 árið 2019

Eins og sést á myndinni hér að ofan þá eru 77% af íbúum yfir 80 ára í þjónustu hjá Akureyrarbæ og þar af 57% með heimaþjónustu og 20% eru íbúar Öldrunarheimila Akureyrar.


2.1.1 Almenn heimaþjónusta

Á árinu 2019 fengu 688 heimili almenna heimaþjónustu og hefur fjöldi heimila aukist á síðastliðnum árum. Eins og sést á mynd 4, og í samræmi við reglur og samfélagslega þróun, þá er aldrað fólk stærsti hópur þeirra sem fær almenna félagslega heimaþjónustu. Öryrkjar er sá þjónustuhópur sem mest hefur stækkað frá árinu 2012 eða um 75%.



Mynd 4 – Fjöldi heimila með félagslega heimaþjónustu


Á mynd 4 hefur öldruðum heimilum verið skipt upp í þrennt, einhleypir karlar, einhleypar konur og svo hjón/sambúðarfolk. Þess skal þó getið að í þessum tölum reiknast aldraðir frá 65 ára aldri. Frá árinu 2012 þá hefur heimilum aldraðra með félagslega heimaþjónustu fjölgað úr 429 í 499 árið 2019 sem er 16% aukning eða 70 heimili. Frá árinu 2012 þá hefur heimilum öryrkja með félagslega heimaþjónustu fjölgað úr 131 í 229 árið 2019 sem er 75% aukning eða 98 heimili. Önnur heimili sem eru í þjónustu vegna tímabundinna aðstæðna hefur síðustu ár verið um 24-25 heimili en jókst árið 2018 í 53 heimili og eru árið 2019 55 talsins.




Mynd 5 – Fjöldi heimila aldraðra (65 ára og eldri) með félagslega heimaþjónustu

Eins og sést á mynd 5 hér að framan eru konur með heimaþjónustu á Akureyri heldur fleiri en karlar í öllum aldursflokkum. Hlutfall kvenna 65 ára og eldri í þjónustu er 59% og karla 65 ára og

eldri er 41%. Þegar fjöldi vinnustunda (mynd 7) er borinn saman við fjölda þjónustunotenda kemur í ljós að vinnustundir á heimili hjá öryrkjum er töluvert fleiri en hjá öldruðum, en fleiri heimili aldraðra eru með þjónustu. Á undanförunum 7 árum hefur heildar vinnustundum fjölgað um rúmar 11.000 stundir eða sem nemur 6,5 stöðugildum.




Mynd 6 – Fjöldi vinnustunda í heimaþjónustu skipt eftir þjónustuhópum




Mynd 7 – Meðalvinnustundir á heimili í almennri heimaþjónustu eftir þjónustuhópum.

Heimaþjónustan er að mestu leyti að veita samþætta persónulega þjónustu og þrif. Þeir sem fá heimsendan mat og eru með þrif, teljast fá bæði þrif og persónulega þjónustu. Það er athyglivert að þeir sem eru eingöngu með persónulega þjónustu (öryggisinnlit, aðstoð við innkaup, félagslegan

stuðning) hefur tímafjöldinn smám saman aukist síðastliðin ár. Þetta má rekja til breyttrar samsetningar þjónustuþega þar sem hlutfallslega fleiri eru 80 ára og eldri og dvelja heima þrátt fyrir hrakandi heilsu. En eins og áður hefur komið fram eru 57% 80 ára og eldri sem búa á Akureyri eru með heimaþjónustu. Fá heimili eru bak við önnur heimili en árið 2017 var aukning í þjónustu vegna tímabundinnar aðstæðna eins og fjölbura fæðinga, árið 2018 var aukning í heimilum sem var þjónustað frá 24 í 53 heimili. Á árinu 2019 þá er svipaður fjöldi annarra heimila (55 önnur heimili árið 2019) en mikil aukning hefur verið á þjónustutímum vegna flókinna og viðamikilla verkefna. Eitt heimili skýrir stóran hluta aukningunnar á tímum fyrir önnur heimili milli ára. Fjölgun hefur verið á öryrkjum vegna langvinnra og áunninna sjúkdóma sem hefur áhrif á áherslur í þjónustu með teyðum eins og ráðgjöfinni heim, vettvangsteyminu og nokkrum sérúræðum en rúmur helmingur af tímum falla undir þennan flokk.



Mynd 8 – Fjöldi vinnustunda á ári eftir verkum




Mynd 9 – Kostnaður við félagslega heimaþjónustu 2010-2019 á verðlagi ársins 2019

Eins og sjá má á mynd 8 hafa útgjöld til félagslegrar heimaþjónustu hækkað þegar miðað er við kostnað á verðlagi ársins 2019. Við útreikning á kostnaði er notuð launavísitala en laun starfsmanna er stærsti gjaldaliður heimaþjónustunnar. Raunkostnaður á hverja unna klukkustund árið 2019 var um 6.587 krónur. Í þeirri tölu er einnig kostnaður við húsnæði og annar kostnaður sem fellur til við þjónustuna.

2.1.2 Ráðgjöf iðjuþjálfar

Búsetusvið býður upp á þjónustu iðjuþjálfar. Markmið iðjuþjálfunar er að efla færni, heilsu og vellíðan einstaklingsins í samræmi við þarfir, getu og langanir hans þannig að hann verði eins sjálfbjarga og mögulegt er við þá iðju sem honum er mikilvæg. Sem dæmi um iðju má nefna það að klæða sig og snyrta, útbúa mat, aka bíl, afgreiða í verslun, skrifa ritgerð, fara á skíði eða mála mynd. Þótt þessi viðfangsefni virðist sjálfsgöð og einföld fyrir flesta, þá geta þau verið erfið og jafnvel óyfistíganleg fyrir margt það fólk sem ekki hefur þroskast eðlilega, fengið sjúkdóma, er komið á efri ár eða hefur orðið fyrir áföllum af einhverju tagi. Þörf er á iðjuþjálfun þegar einstaklingar ná ekki að sinna daglegri iðju á fullnægjandi hátt.

Iðjuþjálfar búsetusviðs veita ráðgjöf á sviði endurhæfingar, heilsueflingar, vinnuvistfræði og hjálpartækjamála. Þeir taka þátt í mati á heimaþjónustu og annarri þjónustu sem sótt er um og veita einnig fræðslu til stofnana og samstarfsfólks. Náin samvinna er við heimahjúkrun, Sjúkrahúsið á Akureyri og aðra sem koma að málefnum þeirra sem njóta þjónustunnar. Árið 2019 voru þrír iðjuþjálfar í 1,8 stöðugildum.




Mynd 10 – Fjöldi beiðna um ráðgjöf iðjubjálfa

Árið 2019 fengu 370 einstaklingur ráðgjöf iðjubjálfa sem er veruleg aukning frá árinu á undan. (mynd 10). 62% af þjónustuþegum á árinu voru konur sem er svipað kynjahlutfall á síðastliðnum árum þrátt fyrir að þjónustubeiðnum hafi fjölgað verulega. Hlutfall kvenna sem hafa fengið ráðgjöf iðjubjálfa hefur rokkað frá 62% til 69% síðast liðin þrjú ár. Sjá má aukningu á ráðgjöf iðjubjálfa til karlmanna og má gera ráð fyrir að betra aðgengi að þjónustunni sé þar að spila inn í. Frá desember 2018 hefur iðjubjálfi verið með starfsaðstöðu í heimaþjónustunni í Víðilundi og er mikið um það að fólk líti þar við, fái ráðgjöf og leiðbeiningar.

Ráðgjöf iðjubjálfa skiptir sköpum í að stuðla að því að einstaklingar geti verið eins sjálfstæðir og aðstæður leyfa.

2.1.3 Ráðgjöfin heim

Ráðgjöfin heim er hluti af félagslegri heimaþjónustu og er ætluð fullorðnum fötluðum einstaklingum í sjálfstæðri búsetu. Markmið þjónustunnar er að veita faglega ráðgjöf og aðstoða einstaklinga með fötlun af margvíslegum toga við að takast á við ýmis verkefni daglegs lífs bæði á heimili og úti í samfélaginu. Mikil áhersla er lögð á valdeflingu þ.e. ráðgjafinn veitir stuðning og fræðslu sem miðar að því að notendur þekki rétt sinn og möguleika til þátttöku í samfélaginu og öðlist meira vald yfir lífi sínu. Á árinu 2019 fengu 36 einstaklingar þjónustu ráðgjafarinnar heim, 31 kona og 5 karlar. Frá árinu 2007 hefur því orðið rúmlega helmingis aukning á fjölda þeirra sem njóta þessarar þjónustu en frá árinu 2011 hefur fjöldinn verið í kringum 33 til 47 einstaklingar eins og sérst á mynd 11. Konur hafa verið í meirihluta síðan farið var að skipta þjónustuþegum eftir kyni og hafa karlar aldrei verið færri en á síðasta ári.




Mynd 11 – Fjöldi sem fengu aðstoð frá Ráðgjöfinni heim

Ekki hefur tekist að sinna öllum beiðnum um þjónustuna og um áramót voru um 5 einstaklingar á biðlista. Við ráðgjöfina heim störfuðu á árinu 3 háskólamenntaðir starfsmenn í 2 stöðugildum.

2.1.4 Vettvangsteymi

Vettvangsteymi er þjónusta fyrir einstaklinga með geðfötlun og viðvarandi vímuefnavanda. Þjónustan felst í því að starfsmenn eru til aðstoðar frá kl. 08:00 til kl. 19:00 alla daga vikunnar. Veitt er aðstoð við innkaup, erindrektur, áminningar um lyfjatöku og almenn aðstoð við athafnir daglegs lífs eftir þörfum. Unnið er eftir hugmyndafræðinni um „Skaðaminnkandi nálgun“ sem miðar að því að draga úr heilsufars-, félags- og efnahagslegum afleiðingum vímuefnaneyslu. Íbúarnir þurfa mjög mismunandi þjónustu en reynt er að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur. Á árinu 2019 fengu 49 einstaklingar þjónustu frá vettvangsteyminu og hefur fjöldinn rúmlega tvöfaldast frá árinu 2017. Flestir þjónustunotendur eru karlar en á árinu voru 5 konur í þjónustu. Mjög misjafnt er hversu mikla þjónustu hver og einn fær á hverjum tíma og ræðst það af þörf og aðstæðum einstaklingsins.




Mynd 12 – Fjöldi sem naut aðstoðar Vettvangsteymis

Frekari upplýsingar um Ráðgjöfina heim og Vettvangsteymið eru í heildartölum um almenna félagslega heimaþjónustu, fjölda þjónustunotenda, fjölda vinnutíma og í tölum um kostnað.

2.1.5 Heimsendur matur


Heimaþjónustan sér um heimsendingu matar til þeirra sem vegna veikinda eða skertrar færni geta ekki eldað sjálfir. Þjónustan er í boði alla daga ársins. Maturinn er keyptur frá eldhúsi Hlíðar. Bifreiðastöð Oddeyrar sér um útkeyrslu á matnum til kaupenda. Alls nýttu 108 heimili sér heimsendan mat á árinu sem skiptist þannig að 96 flokkuðust sem heimili aldraðra, 11 heimili flokkuðust sem heimili öryrkja og eitt heimili flokkaðist sem önnur heimili. Fjöldi bakka sem þessi heimili fengu voru 11.666 talsins. Eins og sjá má á mynd 13 fækkaði þeim einstaklingum sem fengu heimsendan mat og einnig fækkaði útseldum matarskömmtum þriðja árið í röð frá 18.831 í 11.666 matarbakka.



Mynd 13 – Heimsendur matur, fjöldi bakka og fjöldi notenda

Kostnaðurþátttaka bæjarins við heimsendan mat hefur aukist síðastliðin 3 ár. Helsta ástæða aukins þátttökukostnaðar árið 2019 miðað við síðastliðin ár er vegna fækkunar á seldum matarbökkum.


Hlutfall á milli kostnaðar bæjarins og neytenda hefur haldist í kringum 20-25% síðastliðin 10 ár, en niðurgreiðsla bæjarins varð hæðst 27% árið 2015.



Mynd 14 – Þátttaka bæjarins og neytenda í greiðslum á heimsendum mat


2.2 Félagsleg liðveisla

Félagsleg liðveisla er persónulegur stuðningur og aðstoð sem ætluð er til að rjúfa félagslega einangrun og styrkja fólk til þátttöku í menningar- og félagslífi. Liðveisla er veitt fötluðum börnum frá 6 ára aldri, sem og fullorðnu fötluðu fólki.




Mynd 15 – Félagsleg liðveisla

Þjónustu í formi félagslegrar liðveislufengdu 118 einstaklingar á árinu um lengri eða skemmri tíma, 44 konur 18 ára og eldri og 37 karlar 18 ára og eldri, 9 stúlkur undir 18 ára og 28 drengir undir 18 ára aldri. Flestum einstaklingum er úthlutað 10 tímum á mánuði. Einstaklingar sem einnig eru með sértæka heimaþjónustu/stoðþjónustu fengu yfirleitt 8 tíma á mánuði. Nokkrir einstaklingar fengu fleiri en 10 tíma á mánuði þar sem talin var þörf á aukinni þjónustu fyrir viðkomandi aðila.



Mynd 16 – Börn með félagslega liðveisluf



Mynd 17 – Fullorðnir með félagslega liðveislu

Algengast er að einn starfsmaður annist félagslega liðveislu við hvern einstakling en á árinu var einnig veitt félagsleg liðveisla í nokkra hópa. Frá árinu 2012 hafa verið nokkrir þjónustusamningar við íþróttafélög og félagasamtök sem skipuleggja þjálfun, tómstundir eða hópstarf. Markmið þessara þjónustusamninga er að veita hópnum tómstundaþjónustu þar sem leitast er við að bjóða upp á afþreyingu sem er sniðin að þeirra þörfum.

2.2.1 Búa hópur

Til að koma til móts við biðtíma eftir liðveislu á árinu var boðið upp á hópliðveislu í Rósenborg fyrir drengi á aldrinum 10 til 16 ára í samstarfi við samfélags- og mannréttindadeild.

Árið 2019 tóku 4 drengir þátt í hópstarfinu.

2.2.2 Sundþjálfun

Hópliðveisla er veitt á sundæfingum hjá sundfélaginu Óðni í góðu samstarfi við sundfélagið. Á sundæfingum fyrir einstaklinga með fötlun hjá sundfélaginu Óðni fer fram hópliðveisla, með vísan í 8.gr. í reglum Akureyrarbæjar um félagslega liðveislu, og sjái sundfélagið Óðinn um framkvæmd þeirrar liðveislu. Með þessu verkefni er verið að tryggja enn frekar fötluðum börnum aðgang, til jafns við önnur börn, að tómstundastarfi/íþróttastarfi líkt og getið er í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun.

Árið 2019 voru þátttakendur 19 börn, þar af voru 8 stelpur og 11 strákar.

2.2.3 Fótbolt án fordóma – F.F. Múrbrjótur

Boðið hefur verið uppá vikulegar fótboltaæfingar fyrir einstaklinga sem glíma við geðrænan- og félagslegan vanda. Markmiðið er að auka þátttöku einstaklinga til hollrar hreyfingar og að efla samfélags- og félagsvitund þeirra. Reynslan hefur verið sú að æfingarnar hafa gefið góðan grundvöll fyrir einstaklinga með geðrænan – og félagslegan vanda til þess að koma saman ásamt aðstandendum og starfsmönnum tengdum geð- og/eða velferðarsviði og stunda heilbrigða hreyfingu og eiga góða samverustund. Fenginn var styrkur frá Frístundaráði Akureyrarbæjar og

einnig Velferðarráði Akureyrarbæjar fyrir leigu á íþróttasal og hefur félagsleg liðveisla sem hluti af hópliðveislu komið að verkefninu til að virkja hópastarfið en betur.

Um 30 þátttakendur njóta nú stuðnings fjögurra sjálfboðaliða í Múrbrjóta verkefninu. Til að halda utan um, vekja athygli á og auglýsa verkefnið var stofnuð Facebook síða FF Múrbrjótar - Fótbolti án fordóma og eru um 190 einstaklingar fylgjendur síðunnar. Engar kvaðir eða kröfur eru gerðar um þátttöku og eru þeir sem ekki treysta sér á æfingar hvattir til að koma og horfa á, fara í göngutúr um æfingasvæðið og taka þátt í skemmtilegum félagskap á sínum eigin forsendum.


2.3 Áfangaheimili fyrir fólk með geðröskun

Í Hamratúni er áfangaheimili fyrir fólk með geðröskun, fimm íbúðir til búsetu og sameiginleg íbúð sem nýtt er fyrir þjálfun/kennslu, fræðslu/félagsstarf og samveru íbúa. Fimm einstaklingar bjuggu þar árið 2019. Búseta þar er tímabundin og setja íbúar sér markmið með dvölinni sem miðar að því að þeir geti lifað án eða með lítilli aðstoð í framtíðinni. Íbúum er meðal annars leiðbeint við þau verk og athafnir sem fólk tekur þátt í til að sjá um sig sjálft, njóta lífsins og vera nýtir þjóðfélagsþegnar. Mikið og gott samstarf er við Geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri sem veitir stuðning og ráðgjöf. Haustið 2019 var ákveðið að breyta áfangaheimilinu í þjónustukjarna þar sem mikil þörf var fyrir varanlega búsetuþjónustu fyrir fólk með geðraskanir.

2.4 Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk

Sértæk búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk er mjög fjölbreytt. Á síðasta ári nutu 76 einstaklingar þjónustunnar. Þar af bjuggu fimm á áfangaheimili sem er tímabundin búseta fyrir fólk með geðraskanir. Þar er veittur stuðningur og aðstoð sem miðar að því að fólk geti lifað án eða með lítilli aðstoð í framtíðinni. Aðrir búa í þjónustukjörnum eða sambýlum. Að auki voru einstaklingar sem fengu sértæka heimaþjónustu/stoðþjónustu en um þá þjónustu var fjallað sérstaklega í kafla hér að framan. Sameiginlegt öllum þeim sem fá þessa þjónustu er að þeir hafa farið í mat á stuðningsþörf (SIS mat). SIS matskerfið er vandað matskerfi, vel rannsakað, með sterkan fræðilegan bakgrunn sem notað er víða um heim til að meta stuðningsþörf fatlaðra. Einnig er mögulegt að tengja niðurstöður matsins við fjármögnun þjónustu og fær Akureyrarbær, eins og Reykjavíkurborg og önnur sveitafélög, greitt úr Jöfnunarsjóði samkvæmt niðurstöðu þess.

Á myndinni hér að neðan má sjá hver þróunin hefur verið í búsetumálum fatlaðs fólks síðustu 10 ár en helsta breytingin er að þeim fækkar sem búa á sambýlum en fjölga sem búa í þjónustukjörnum og einnig fá fleiri íbúar stoðþjónustu.



Mynd 18 – Samsetning búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk

2.4.1 Þjónustukjarnar og sambýli

Í 9. grein III. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er kveðið á um að fatlað fólk eigi rétt á húsnaði í samræmi við þarfir þess og óskir og félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og stuðlar að fullri aðlögun þess og þátttöku í samfélaginu. Tekið er á móti umsóknum hjá fjölskyldusviði Akureyrarbæjar um félagslegt húsnaði og sérútbúið húsnaði ætlað fötlöðu fólki. Í úthlutunarnefnd situr einn fulltrúi búsetusviðs og kallaður er saman sérstakur hópur sem gerir tillögur um úthlutun varðandi sérútbúið húsnaði sem ætlað er fyrir fatlað fólk.


Í þjónustukjörnum og sambýlum fær fatlað fólk aðstoð við að halda heimili og taka virkan þátt í samfélaginu eftir getu og óskum hvers og eins. Fyrst eftir að stofnanir eins og Sólborg lokuðu voru keypt stór einbýlishús og þar bjuggu saman í hefðbundnum fjölskylduhúsum fjórir til sjö fatlaðir einstaklingar. Þar sem húsnæðið var ekki byggt með þessa starfsemi í huga voru herbergin lítil og misjöfn að stærð og oftar en ekki eitt salerni fyrir alla íbúa og starfsfólk. Við það bættist að í fæstum tilfellum höfðu íbúar eitthvað um það að segja hvort þeir vildu svona náð sambýli. Því hefur það lengi verið baráttumál hagsmunasamtaka fatlaðra að bæta búsetuþjónustu við þennan hóp þannig að hver og einn hafi einkarými sem stenst lágmarkskröfu byggingareglugerðar. Í lok desember 2019 var þó enn búseta í þremur herbergjasambýlum. Tvö þessara sambýla, að Hafnarstræti 16 og Snægili 1, voru byggð á níunda áratug síðustu aldar og þóttu þá mikið framfaraspor. Í þessum húsum eru öll herbergin rúmgóð og í öðru eru salerni og baðaðstaða inn af herbergjum. Stefnt er að lokun þriðja sambýlisins, Jörvabyggðar um mitt næsta ár 2020 og búist er við því að íbúar þar munu flytja í nýbyggðan þjónustukjarna við Klettaborgir.

Þjónustukjarnar eru nokkrar íbúðir sem eru undir sama þaki eða stutt á milli þeirra. Í sumum tilfellum er sameiginlegt rými fyrir íbúa og/eða starfsmannaaðstaða. Mjög misjafnt er hversu mikla þjónustu og stuðning íbúarnir fá en það fer eftir þörfum hvers og eins. Þeir sem þurfa minnstu þjónustuna fá aðeins stuðning nokkrum sinnum í viku, aðrir þurfa mun meira. Þrír einstaklingar í þjónustukjarna eru í öryggisvistun en öryggisvistun er úrræði fyrir ósakhæfa, dæmda einstaklinga. Miðað er við að fólk sé það mikið fatlað að það geti ekki séð um sig sjálft og eigi einnig við hegðunarvanda að stríða, stundum hættulegt sjálfu sér og öðrum. Íbúðirnar eru sérstaklega hannaðar með þetta í huga auk þess sem mönnun tekur mið af þeirri þjónustu. Til að mæta misjöfnum þjónustuþörfum er gerður þjónustusamningur við íbúa þar sem fram kemur hversu mikinn stuðning hver og einn þarf bæði innan og utan heimilis, við hvaða verkefni og hversu oft.

Undanfarin ár hafa nokkrir einstaklingar, sem þurfa umtalsverða þjónustu, flust nálægt þjónustukjarna. Á þann hátt er hægt að veita ráðgjöf, þjónustu, stuðning og öryggi sem felst í því að vera í mikilli nálægð við sólarhringsþjónustu án þess að flytja inn í þjónustukjarnann.

Unnið er samkvæmt hugmyndafræði Valdeflingar og Þjónandi leiðsagnar, en þá er lögð áhersla á að leita eftir vilja einstaklingsins og láta valdið í hans hendur. Stuðningurinn er framkvæmdur á forsendum þess sem hann fær en ekki þess sem veitir.

Í töflu 4 sést hvaða þjónustukjarnar og sambýli hafa verið starfrækt frá árinu 2016, hversu margir búa á hverjum stað og fjöldi stöðugilda.



Mynd 19 – Búsetuþjónusta og sértæk heimaþjónusta/stoðþjónusta.
Tafla 4 – Þjónustukjarnar og sambýli

		2016		2017		2018		2019	
Tegund búsetu		Íbúar	Stöðu- gildi	Íbúar	Stöðu- gildi	Íbúar	Stöðu- gildi	Íbúar	Stöðu- gildi
Klettatún	Þjónustukjarni	8	8,5	6	8,5	5	8,5	5	9,0
Borgargil	Þjónustukjarni	6	14	6	13,75	6	13	6	13,1
Geislatún	Þjónustukjarni	5	10,1	5	10,1	5	10,5	5	10,5
Hafnarstræti	Herbergjasambýli	5	8,6	5	9,1	5	10,2	5	10,5
Jörvabyggð	Herbergjasambýli	5	4,4	5	4,4	4	4,4	4	4,6
Þrastarlundur	Þjónustukjarni	8	18	7	18,7	7	18	7	17,1
Snægil	Herbergjasambýli	6	8,8	6	9,4	6	9,4	6	7,8
Kjalarsíða	Þjónustukjarni	6	9,6	6	9,5	6	10,1	6	10,0
Hafnarstræti	Þjónustukjarni	6	23,5	6	25,9	6	25,5	6	24,2
Hamratún	Áfangenheimili	6	4,1	7	4,27	8	4,7	3	
Hamratún	Þjónustukjarni							3	4,0
Vallartún	Þjónustukjarni	5	8,6	5	8,95	5	8,6	5	8,1
Skútagil	Þjónustukjarni	5	4,1	5	4,27	5	4,1	5	4,1
Eiðsvallagata	Þjónustukjarni	6	7,4	6	7,4	6	7,4	6	7,4
Sporatún	Heimili							1	7,6
Samtals		77	129,7	76	134,2	74	134,4	73	138,2

2.4.2 Sértæk heimaþjónusta


Sértæk heimaþjónusta/stoðþjónusta er þjónusta við þá sem þurfa umfangsmikla aðstoð. Þetta er sú aðstoð sem þarf til viðbótar við almenna heimilishjálp og félagslega liðveislu, til þess að fólk með fötlun geti haldið eigið heimili og felur hún í sér margháttða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun. Samkvæmt reglugerð metur teymi fagfólks sérstaka stuðningsþörf umsækjanda. Teyminu er ætlað að meta heildstætt þörf þeirra sem þurfa á þjónustu að halda sem veitt er á grundvelli laga og reglugerða og hvernig koma megi til móts við þarfir þeirra. Undir sértæka heimaþjónustu falla nokkur mismunandi úrræði eins og sjá má í töflunni hér fyrir neðan. Markmið þjónustunnar er að veita einstaklingum samþætta og einstaklingsmiðaða þjónustu. Þjónustan sem um ræðir er á höndum nokkurra forstöðumanna en flestir falla þó undir Heimaþjónustu B eða 20 einstaklingar. Einnig hafa 3 einstaklingar og talsmenn þeirra valið að kaupa húsnæði og veitir búsetusvið þessu sambýli sértæka heimaþjónustu.



Mynd 20 – Sértæk heimaþjónusta, mismunandi úrræði.

Árið 2019 fengu 32 einstaklingar sértæka heimaþjónustu (stoðþjónustu) á Akureyri og einn utan Akureyrar, en Akureyrarbær sér um að veita þá þjónustu. Stoðþjónusta er sú aðstoð sem þarf til viðbótar við heimilishjálp og félagslega liðveislu, til að fólk með fötlun geti haldið eigið heimili og felur í sér margháttaða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun.

Innan Heimaþjónustu B eru 3 sérhæfð teymi þar af sér eitt teymi um þjónustu við langveika einstaklinga sem búa í heimahúsi, eitt teymi sér um verulega líkamlega fatlaðan einstakling í heimahúsi og þriðja teymið sinnir þroskaskertum einstaklingum í sjálfstæðri búsetu.




Mynd 21 – Sértæk heimaþjónusta

Eins og sjá má á mynd 21 þá hefur sá fjöldi einstaklinga sem þurfa sértæka heimaþjónustu (stoðþjónusta) aukist frá árinu 2014 en á síðast liðnum árum þá hefur fjölgað einstaklingum sem þurfa aðstoð meira en 15 tíma á viku. Fleiri einstaklingar er fatlast seinna á lífsleiðinni kjósa að búa heima í stað þess að flytjast á stofnun þrátt fyrir mikla þjónustubörf. Því eru nokkur heimili þar sem veitt er allt að sólarhringsþjónusta alla daga ársins. Ef þörf er á þjónustu heimahjúkrunar

er hún skipulögð í samvinnu við heimaþjónustu. Aðilar skipta með sér verkum en sumum verkum sinna starfsmenn heimahjúkrunar og heimaþjónustu saman. Mikil samvinna er við heimahjúkrun í allmörgum tilfellum.

2.4.3 Umsóknir um búsetuþjónustu

Á biðlista eftir búsetu voru 16 einstaklingar í árslok 2019. Allir umsækjendur voru á bið eftir þjónustukjarna. Nokkrar umsóknir voru um áfangaheimili þegar það var ekki lengur í boði og var farið yfir allar umsóknir og þeim einstaklingum boðin önnur þjónusta. Engar umsóknir voru á biðlista vegna barna eftir varanlegu búsetuúrræði.



Mynd 22 – Virkar umsóknir um búsetu með þjónustu

2.5 Skammtímaþjónusta og dagvistunarúrræði

2.5.1 Skammtímaþjónusta og frístundaþjónusta



Mynd 23 – Húsnæði skammtímaþjónustu og skólavistunar að Þórunnarstræti

Skammtímaþjónusta fatlaðs fólks er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur barna með verulega fötlun eiga kost á því að börnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðin fatlað fólk sem enn býr í foreldrahúsum. Skammtímaþjónusta býður upp á neyðarvistun ef óvænt atvik eða áföll koma upp hjá fjölskyldum notenda. Í skammtímaþjónustu voru alls 19 einstaklingar á árinu, 11 voru yngri en 18 ára en 8 fullorðnir. Undanfarin ár hafa eldri notendur farið í búsetuúrræði og yngri börn komið inn sem þurfa mikla þjónustu. Vistunarsólarhringar skammtímaþjónustu árið 2019 voru 1809, þar af 46 neyðarvistunarsólarhringar. Boðið er upp á skólavistun frá kl. 13:00 - 17:00 virka daga fyrir börn/ungmenni á aldrinum 10-20 ára sem eru með skilgreinda mikla fötlun. Yfir sumartímann er einnig í boði vistun fyrir sama markhóp en 6 – 9 ára börn bætast við. Í boði eru ýmis tómstundatilboð, frjáls leikur, útvera og vettvangsferðir. Alls nýttu 18 börn og fjölskyldur þeirra sér þessa þjónustu árið 2019.


Markmið skammtímaþjónustunnar eru þessi:

- Skapa aðstæður sem gefa fötluðum gestum kost á að kynnast og umgangast aðra gesti í gegnum leik og starf.
- Gestirnir séu þátttakendur í öllum störfum svo sem mögulegt er.
- Þjálfun fléttist á eðlilegan hátt inn í leik og dagleg störf.
- Hver og einn gestur fái notið sín á eigin forsendum.
- Upplyfting og skemmtun sé við hæfi hvers og eins.


Markmið skóla- og sumarvistunnar:

- Lögð er áhersla á að vistunin sé fastur punktur í tilverunni, þar sem gott er að koma og dvelja við skapandi störf og leiki að skóladegi loknum.

- Hlúð er að grunnþörfum barnanna með virkri þátttöku þeirra. Með virkri þátttöku er átt við að ýtt er undir sjálfsbjargargetu í athöfnum daglegs lífs með einstaklingsmiðaðri þjónustu.
- Skapa börnunum skilyrði til að efla félagsfærni sína.
- Vera í virku samstarfi við skóla og heimili.



Mynd 24 – Skammtímaþjónusta



Mynd 25 – Sumar- og Skólavistunar dagar

2.5.2 Lífsleikni

Árið 2017 var hafið sérhæfða leiðsögn sem miðar að því að auka lífsleikni einstaklinga með verulegar stuðningsþarfir sem lokið hafa námi af sérbraut VMA.

Tilgangur verkefnisins er annars vegar að setja á fót úrræði fyrir hóp einstaklinga sem þurfa stuðning þann hluta dagsins sem þeim býðst ekki hæfing/vinna og hins vegar að útbúa markvissa þjálfun fyrir einstaklinga sem sótt hafa um búsetuúrræði til að búa þá undir sjálfstæða búsetu.

Í upphafi verður þekking og hæfni þátttakendanna metin með Vineland (Adaptive Behavior Scales) en þetta mat tekur til samskiptaforms og samskiptahæfni, þekkingar á athöfnum daglegs lífs, félagsfærni og hreyfifærni. Matið gefur mynd af veikleikum og styrkleikum þátttakendanna og þeim þáttum sem leggja þarf áherslu á í þjálfun. Matið yrði síðan lagt fyrir aftur eftir 12 mánuði til að meta árangur þjálfunarinnar. Einnig verða skilgreind einstaklingsmiðuð markmið fyrir hvern og einn og þau metin reglulega.

2.5.3 Sumarúrræði fyrir fullorðna

Árið 2019 meðan starfsemi dagsþjónustustofnunar í Skógarlundi, miðstöð virkni og hæfingar, var lokað vegna sumarfría starfsmanna, var húsnæðið notað fyrir sumarúrræði fyrir fullorðna fatlaða einstaklinga. Var þetta þriðja árið í röð sem þetta var gert. Var fötluðu fólki og þá sérstaklega fastagestum Skógarlundar boðið upp á tómstundadagskrá sem miðaðist við áhugasvið og getu hópsins. Hæfingastöðin þjónustar viðkvæmasta skjólstæðingahópinn sem oft á erfitt með breytingar. Verkefnastjóri hélt utan um skipulag og ráðnir voru 3 starfsmenn í 4 vikur til að sinna verkefninu. Auglýst var eftir hæfileikafólki í tímavinnu við ýmiskonar afþreyingu eins og að sjá um lifandi tónlist, einfaldan dans, slökun, bingo, nudd og listsköpun.


2.5.4 Kappar sumarúrræði fyrir börn

Kappar er sumarúrræði fyrir fötluð börn á aldrinum 7-9 ára sem ekki tilheyra markhópi skammtímaþjónustunnar í Þórunnarstræti 99, en geta illa eða ekki nýtt sér almenn frístundatilboð. Markmið verkefnisins er að veita hópnum tómstundaþjónustu þar sem leitast er við að bjóða upp á afþreyingu sem er sniðin að þeirra þörfum.

Árið 2019 voru þátttakendur 23 börn, þar af voru 3 stelpur og 20 strákar. Boðið var upp á þjónustu í 8 vikur.

2.6 Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Í desember 2012 samþykkti Akureyrarbær reglur um notendastýrða persónulega aðstoð. Reglurnar byggðu á leiðbeinandi reglum sem gefnar voru út af Velferðarráðuneytinu fyrir sveitarfélög að styðjast við. Verkefnið er samvinnuverkefni fjölskyldusviðs og búsetusviðs. Fyrstu samningarnir sem gerðir voru út frá nýju reglunum voru fjórir, vegna fimm einstaklinga og höfðu allir nema einn verið með þjónustusamning áður.




Mynd 26 – Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Í lok árs 2018 var notendastýrða persónulega aðstoð lögfest (NPA). Á árinu 2019 voru gerðir 8 samningar, þar af tveir vegna barna.

Það er ljóst að þetta þjónustuform hentar hópi fólks vel. Unnið er að gerð reglna um þjónustuna fyrir Akureyrarbæ.


2.7 SIS mat

Samræmt mat á landsvísu, SIS mat (Supports Intensity Scale), á þjónustubörfum fullorðins fatlaðs fólks var innleitt árið 2009 – 2010, þá sem rannsóknarverkefni. Síðan þá hafa flestir þeir sem eru með viðamikla þjónustu eða eru á biðlista eftir þjónustu farið í SIS mat. Á árinu 2019 fóru 7 einstaklingar í SIS mat. Alls með SIS mat í þjónustu voru 131 einstaklingar þar af 107 sem metnir voru í þjónustubörf umfram félagslega heimaþjónustu. Veruleg þjónustubörf er nú metin sem fer umfram 15 tímar í þjónustu á viku. SIS matið er þannig byggt upp að flokkarnir eru 12 og einnig er metin sérstök þjónustubörf vegna heilsu og atferlis (12 A og 12B). Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir framlag vegna þeirra sem metnir eru í flokka 5 – 12 en fram að árinu í ár var veitt framlag vegna þeirra sem metnir voru í flokka 4 – 12. Alls voru u.þ.b. 430 á skrá sem fengu einhverja sérhæfða þjónustu út frá lögum um málefni fatlaðs fólks. Þeir fullorðnu einstaklingar sem ekki hafa farið í SIS mat eru u.þ.b. 130. Ekki er gert ráð fyrir að allir sem fá sérhæfða þjónustu úr málaflokki fatlaðra fari í SIS mat.



Mynd 27 – Dreifing þjónustuparfar fyrir fullorðna

Eins og sést á mynd 27 þá eru flestir eða 76% þjónustubega með SIS mat 8 eða hærra en allir sem búa í þjónustukjörnum eða með sólahringsþjónustu eru þar yfir enda þjónustubörfin veruleg. Kostnaður ræðst eðlilega af þjónustubörf eins og kemur skýrt fram á mynd 28.



Mynd 28 – Kostnaður og fjöldi fullorðinna notenda í þjónustu 2019

2.8 Ný þjónusta

Á árinu 2019 voru þrjú ný verkefni hjá búsetusviði. Það eru sérstakt úrræði fyrir börn, athvarf fyrir geðfatlað fólk og endurhæfing í heimahúsi sem endurhæfingarteymi sér um. Einnig var jarðvegsvinna hafin til undirbúnings fyrir byggingu nýs íbúðarkjarna með 6 íbúðum sem tekinn verður í notkun árið 2020.

2.8.1 Úrræði fyrir börn

Á árinu 2019 var byrjað með sérstakt úrræði fyrir börn sem er staðsett í húsnæði að Sporatúni 43. Um er að ræða íbúð í raðhúsi. Þar eru þrjú rúmgóð svefnherbergi, rúmgóð stofa og afgirt útisvæði ásamt sambyggðum bílskúr þar sem útbúin hefur verið skrifstofa forstöðumanns ásamt aðstöðu fyrir starfsmenn.



Mynd 29 – Búsetuúrræði fyrir börn í Sporatúni

Í húsnæðinu er starfrækt annarsvegar búsetuúrræði fyrir eitt barn og hinsvegar sérhæfð skammtímaþjónusta fyrir tvö önnur börn. Aldrei skulu fleiri en tvö börn vera í þjónustu á sama tíma. Þjónustuþegar eru börn sem vegna þjónustuþyngdar og fötlunar geta ekki nýtt sér skóla-, frístunda- og skammtímaþjónustu eða neyðarvistun fatlaðra barna og ungmenna í Skammtímaþjónustunni Þórunnarstræti 99.

Markmið þjónustunnar er að gera barni kleift að búa í nærsamfélagi fjölskyldu sinnar eins og unnt er og viðhalda sambandi við fjölskyldu sína. Jafnframt skal styðja barnið til sjálfstæðs lífs og þátttöku í samfélaginu. Ávallt skal hafa hagsmuni barns og velferð að leiðarljósi, sbr. m.a. 13. gr. laga nr. 38/2018. Þjónustan skal vera einstaklingsbundin, heildstæð og sveigjanleg að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni. Lögð er rík áhersla á góð og jákvæð samskipti og nána samvinnu við foreldra og aðra nákomna íbúanum í skipulagi þjónustunnar. Þjónustuþegar eru börn og á forræði foreldra. Engar ákvarðanir um þjónustu eru teknar án samráðs við þá og þjónustuþega eftir því sem við á.

2.8.2 Laut athvarf fyrir geðfatlað fólk

Á árinu 2019 tók Akureyrarbær við rekstri Lautarinnar, athvarf fyrir geðfatlað fólk. Frá árinu 2001 var Lautin sjálfseignarstofnun en rekin af Rauða krossinum á Íslandi. Rauðir krossinn var með önnur athvörf víðsvegar á Íslandi þar sem markmið voru að rjúfa félagslega einangrun geðfatlaðra, draga úr endurinnlögnum á geðdeildir og skapa umhverfi þar sem ríkja gagnkvæm virðing og traust og tillit er tekið til hvers og eins.

Laut er athvarf fyrir fólk með geðraskanir. Markmið með rekstri Lautar er að rjúfa félagslega einangrun, draga úr fordómum og auka lífsgæði þeirra sem eiga við geðræna sjúkdóma að stríða. Þannig hefur starfsemi Lautar einkum fjóra megin hornsteina að leiðarljósi, en þeir eru að:

- Stuðla að heilsu og vellíðan
- Hvetja til samfélagslegrar þátttöku og virkni
- Auka persónulega færni, vellíðan og sjálfsefningu
- Virkja daglega iðju, sköpun, tjáningu og menningarlega upplifun

Í Laut er boðið uppá heitan mat í hádeginu fyrir 600 kr. Þar er boðið upp á hreyfingu, gönguferðir á hverjum degi, sundleikfimi einu sinni í viku og sund. Hér er baðaðstaða, þvottavél, hvíldarherbergi, föndurherbergi auk þess er stór garður þar sem hægt er að njóta sumarblíðunar og við ræktum okkar grænmeti. Lautin er staðsett við miðbæ Akureyrar nálægt t.d. Amtbókasafninu, menningarhúsinu Hofi og Glerártorgi svo eitthvað sé nefnt.

Árið 2019 komu 2.992 heimsóknir í Lautina eða að meðaltali 12 manns á dag.

2.8.3 Endurhæfing í heimahúsi

Hugmyndafræðin á bak við endurhæfingu í heimahúsi snýst um að virkja skjólstæðinga og styrkja þá til að vera virkir þátttakendur í eigin lífi, eins lengi og mögulegt er. Með þessu er verið að bæta lífsgæði fólks og á sama tíma verið að seinka þeim tímamarki að viðkomandi einstaklingur þurfi varanlega aðstoð frá sveitarfélaginu.

Með stofnun endurhæfingarteymis er hugmyndin sú að allar nýjar beiðnir um heimaþjónustu hjá sveitarfélaginu séu skoðaðar með það fyrir augum hvort viðkomandi umsækjandi geti farið í gegn um endurhæfingarferli. Endurhæfing innan heimaþjónustu er sérsniðin að þörfum hvers og eins. Í upphafi setja skjólstæðingar og iðjubjálfi saman markmið sem verða grunnur þjónustunnar til að fá fram þau markmið er notað matstækið COPM (Mæling á færi við iðju). Þjónustuáætlun er gerð í upphafi og miðast áætlunin við tímabundna þjálfun í 4 til 12 vikur. Þjónustuáætlunin er breytileg eftir því sem færni skjólstæðingsins breytist. Markmiðið er alltaf að gera viðkomandi eins sjálfstæðan og mögulegt er og að hann þurfi annað hvort enga, eða allavega litla formlega aðstoð frá sveitarfélaginu í kjölfar endurhæfingarinnar.

Í endurhæfingarteymi félagslegrar heimaþjónustu hjá Akureyrarbæ eru iðjubjálfi sem jafnframt er verkefnastjóri, sjúkraliði og félagsliði. Iðjubjálfi metur og skipuleggur þjónustu með skjólstæðingi og sjúkra- og félagsliði framfylgja áætluninni. Auk þess eru hjúkrunarfræðingur heimahúskrunar og félagsráðgjafi Fjölskyldusviðs teyminu til ráðgjafar.

Fyrstu skjólstæðingar teymissins byrjuðu þjónustu í október og fram til áramóta fengu 7 skjólstæðingar þjónustu frá teyminu í samtals 188 tíma. Á þessu tímabili útskrifaðist einn skjólstæðingur með enga þjónustuþörf eftir aðkomu teymissins.

2.8.4 Samráð við hagsmunasamtök notenda

Frá 1999 hefur félagsþjónustan haldið úti samráði við Þroskahjálp á Norðurlandi eystra. Á árinu 2016 var það samráð lagt niður. Í kjölfarið kom Akureyrarbær, með styrk frá Velferðarráðuneytinu, á fót notendaráð fyrir fatlað fólk. Þroskahjálp, Sjálfsbjörg á Akureyri og Grófinni var boðin þátttaka í ráðinu.

Í kjölfar lagabreytinga árið 2018 setti Akureyrarbær á fót Samráðshóp um málefni fatlaðs fólks. Samsetning hópsins er þannig að pólitískir fulltrúar eru þrír, þar af er einn formaður hópsins. Grófin- geðverndarmiðstöð, Sjálfsbjörg á Akureyri og Þroskahjálp á N.e. eiga hvert og eitt sinn fulltrúa.

Sviðsstjóri búsetusviðs ritar fundagerðir og er formanni til aðstoðar við að ákveða dagskrá og afla efnis.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks hefur eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. Að fylgjast með þjónustu við fatlað fólk, huga að samhæfingu þjónustunnar og stuðla að félagslegri velferð fatlaðs fólks.
2. Að fylgjast með framkvæmd og þróun þjónustunnar við fatlað fólk og gera tillögur til sveitarstjórnar um mögulegar breytingar á þjónustunni þar sem hennar er þörf.
3. Að vera umsagnaraðili til ráðuneytis um veitingu starfsleyfis skv. 7. gr. laga um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
4. Að vera umsagnaraðili í ferlimálum að beiðni byggingarfulltrúa við hönnun og byggingu opinberra mannvirkja og atvinnuhúsnæðis.
5. Að vera umsagnaraðili í ferlimálum að beiðni umhverfis- og mannvirkjasviðs við gerð gangstétta, gönguleiða og bílastæða.
6. Að leitast við að tryggt sé að fatlað fólk fái þá þjónustu sem viðkomandi þarfnast og kynna fyrir fötluðu fólki þau úrræði og þjónustu sem í boði er.

Samráðshópurinn kom saman fjórum sinnum á árinu 2019.